



Umhverfisstefna Skagafjarðar

2022

1.
Loftslagsmál/
Loftslagsstefna



| 2

2.
Vernd náttúru
& náttúruminja



| 4

3.
Úrgangur



| 7

4.
Umhverfis-
fræðsla



| 8

1. Loftslagsmál / Loftslagsstefna

STEFNA

Skagafjörður, sveitarfélag dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum starfsemi sinnar á loftslag, verði atvinnulífi og íbúum sveitarfélagsins til fyrirmyndar á því sviði og taki fullan þátt í samstarfi sveitarfélaga í loftslagsmálum, m.a. innan Samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmiðin.

MARKMIÐ

1.1. Kolefnishlutlaus Skagafjörður 1. janúar 2030.



AÐGERÐIR

1.1.1.

Útreikningur á kolefnisspori

Kolefnisspor sveitarfélagsins verði reiknað og niðurstöðurnar birtar í árlegu losunarbókhaldi. Við útreikninginn verði stuðst við svonefndan GHG-leiðarvísi fyrir samfélög (Global Protocol for Community-Scale Greenhouse Gas Emission Inventories (GPC)). Þessi leiðarvísir er notaður fyrir losunarbókhald borga og bæja um allan heim. Útreikningar á kolefnisspori ná eftir fönngum til allrar losunar innan marka sveitarfélagsins, svo og til allrar kolefnisbindingar á sama svæði. Útreikningur kolefnisspors verður síðan nýttur í aðgerðaráætlun loftslagsmála (sbr. aðgerð 1.1.2).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 11 & 13
Ábyrgð: Sveitarstjórn
Tímasetning: Fyrir árslok 2021 og árlega eftir það, búið að skila fyrir 2021.

1.1.2.

Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Samkvæmt lögum skulu sveitarfélög setja sér loftslagsstefnu, en hún felur einnig í sér gerð aðgerðaráætlunar. Gerð verði tímasett aðgerðaráætlun í loftslagsmálum með markmiðum, ábyrgðaraðila og tímasetningu fyrir hvern þátt. Áætlunin tekur mið af niðurstöðum útreikninga á kolefnisspori (sbr. aðgerð 1.1.1) og setur í forgang þá þætti sem vega þyngst. Í áætluninni verði gerð grein fyrir aðgerðum til að minnka kolefnisspor sveitarfélagsins þar til kolefnishlutleysi er náð árið 2030. Einnig verði gerð grein fyrir verkefnum sem miða að því að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga. Áætlunin verði gerð til fimm ára í senn og endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 7, 11, 13 & 15
Ábyrgð: Sveitarstjórn
Tímasetning: Fyrir árslok 2022 fyrir árin 2022–2025



1.1.3. **Grænt skipulag Skagafjarðar**

Unnið verði grænt skipulag fyrir Skagafjörð sem tekur yfir uppbyggingu skógar- og gróðurauðlindar með áherslu á endurheimt vistkerfa, svo sem votlendis og birkiskóga. Gerð verði kortlagning yfir svæði sem talin eru geta skilað mestum árangri í baráttunni gegn loftlagsbreytingum, svo að skýrt sé hvar er hagstæðast að hefjast handa. Áætlunin samþættir aðgerðir í loftslagsmálum, verndun líffræðilegrar fjölbreytni, endurheimt raskaðra vistkerfa og bættu þjónustu vistkerfa, (sjá einnig markmið 2.2 og 2.3).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp:
3, 11, 13 & 15
Ábyrgð: Sveitarstjórn
Tímasetning: Fyrir 1. september 2024

1.1.4. **Upbygging vistvænna samgangna**

Sveitarfélagið nær yfir stórt landssvæði og hefur því stórt kolefnisspor í samgöngum. Unnin verði áætlun um rafvæðingu ökutækja á vegum sveitarfélagsins, sér í lagi tækja sem er að jafnaði ekið innan við 200 km á dag. Leitað verði samstarfs við orkufyrirtæki eða aðra aðila um uppsetningu 32A hleðslustöðva fyrir rafbíla við stofnanir sveitarfélagsins og í skilgreindum þéttbýliskjörnum. Auk þess verði hugað að uppbyggingu innviða fyrir hleðslu rafbíla í nýbyggingum og við endurbyggingu húsa, í samræmi við byggingarreglugerð. Lögð verði áhersla á að ferðalög starfsmanna sveitarfélagsins verði vistvæn og flugferðir starfsmanna, bæði innanlands sem utan, verði kolefnisjafnaðar.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp:
3, 7, 11 og 13
Ábyrgð: Sveitarstjórn
Tímasetning: Fyrir 1. september 2024

2. Vernd náttúru & náttúruminja

STEFNA

Náttúruvernd verði í forgangi í allri stefnumótun á vegum Skagafjarðar, þar sem áhersla verði lögð á sjálfbæra landnýtingu, áframhaldandi friðlýsingu náttúrusvæða, endurheimt vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni.

MARKMIÐ

2.1. Náttúruvernd í verki.



AÐGERÐIR

2.1.1.

Náttúruverndaráætlun fyrir Skagafjörð

Unnin verði sérstök náttúruverndaráætlun fyrir Skagafjörð, þar sem m.a. verði tilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt X. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, svo og svæði og náttúruminjar á náttúruminjaskrá skv. 33. gr. sömu laga, auk annarra svæða og náttúrufyrirbæra sem heimamönnum þykir ástæða til að njóti verndar. Í áætluninni verði ákvæði um úttekt á friðlýstum svæðum og öðrum náttúruverndarsvæðum (sbr. töflu 13.1 í skipulagstillögu), svo og áætlun um aðgerðir þar sem þess er talin þörf. Í áætluninni verði einnig ákvæði um sérstaka aðgát vegna framkvæmda í grennd við svæði á náttúruminjaskrá, auk þess sem kynntur verði réttur almennings til að njóta útivistar í náttúrunni með áherslu á jákvæð áhrif útivistar á lýðheilsu. Áætlunin verði þannig sett fram og kynnt að hún verði aðgengileg íbúum og gestum sveitarfélagsins.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 14 & 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. september 2024

2.1.2.

Símenntun um náttúruvernd

Íbúum Skagafjarðar verði reglulega boðið upp á fræðslu um náttúruvernd í samstarfi við Náttúrustofu þar sem m.a. verður greint frá niðurstöðum rannsókna á náttúrufari svæðisins (sbr. aðgerð 2.1.1. og 1.1.3.).

Þessi fræðsla getur verið hluti af öðru reglubundnu framboði á fræðslu um umhverfismál, (sjá einnig aðgerð 3.1.2 og 4.1.1).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 4, 14 & 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. febrúar 2023



MARKMIÐ

2.2. Viðhald líffræðilegrar fjölbreytni.



AÐGERÐIR

2.2.1. *Stuðningur við rannsóknir á lífríki*

Skagafjörður styðji markvisst við rannsóknir á lífríkinu innan sveitarfélagsins til að renna stoðum undir verndun þess. Sérstök áhersla verði lögð á rannsóknir á votlendissvæðum í sveitarfélaginu, þ.e. í friðlandinu í Skógum, Austara-Eylendi og svæðinu í kringum Miklavatn í tengslum við Náttúrustofu.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 13, 14 & 15
Ábyrgð: Sveitarstjórn
Tímasetning: Fyrir 1. september 2024

2.2.2. *Áætlun um viðhald & endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni*

Gert verði sérstakt mat og áætlun um viðhald og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni í sveitarfélaginu í samstarfi við Náttúrustofu. Matið snúi þá bæði að stöðu líffræðilegrar fjölbreytni hjá plöntutegundum og dýrategundum í Skagafirði (sbr. aðgerð 2.2.1.) t.a.m. að útbreiðslu ágengra tegunda og ástandi búsvæða tegunda sem eiga undir högg að sækja.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 11 & 15
Ábyrgð: Sveitarstjórn
Tímasetning: Fyrir 1. september 2024

MARKMIÐ

2.3. Sjálfbær landnýting og aukin landgæði.



AÐGERÐIR

2.3.1.

Kortlagning landgæða og landnýtingar

Landnýting í sveitarfélaginu verði kortlögð, einkum með tilliti til eftirtalinnna þátta:

- Landbúnaðarland og nýting þess.
- Beit á viðkvæmum svæðum.
- Votlendi, óraskað og framræst (sjá einnig aðgerð 1.1.3. og 2.2.1).
- Rofsvæði (land- og sjávarrof).
- Efnistökusvæði.
 - Gildistími framkvæmdaleyfa.
 - Frágangur fullnýttra svæða.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 11, 13 & 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. september 2024



2.3.2.

Aðgerðaáætlun um landnýtingu

Í tengslum við grænt skipulag Skagafjarðar (sbr. aðgerð 1.1.3.) verði gerð tímasett aðgerðaáætlun sem miðar að því að koma í veg fyrir frekari röskun umhverfis og bæta úr því sem aflaga hefur farið. Aðgerðaáætlunin felí í sér tillögur um:

- Jarðvegsvernd almennt.
- Markvissa beitarstýringu á öllum afréttum og heimalöndum í Skagafirði.
- Fyrirbyggingu ofbeitar á skipulagstímabilinu.
- Endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa (sjá einnig aðgerð 1.1.3.).
- Endurheimt birkiskóga.
- Skógrækt í sátt við umhverfi og íbúa.
- Varnir gegn rofi af völdum sjávar og vatnsfalla.
- Uppgræðslu rofsvæða.
- Endurskoðun eða uppfærslu starfsleyfa vegna efnistöku.
- Frágang fullnýttra efnistökusvæða.

Sérstaklega verði leitað eftir samstarfi við Landgræðsluna, skógræktarfélögin á svæðinu, svo og við Fuglaverndarfélag Íslands.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 11, 13 & 15

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Tímasetning: Fyrir 1. september 2024



3. Úrgangur

STEFNA

Dregið verði úr myndun úrgangs og úrgangsmeðhöndlun verði til fyrirmyndar með aukinni endurvinnsla og endurnýtingu.

MARKMIÐ

3.1. Urðun að hámarki 5% af heildarmagni úrmagns árið 2023.



AÐGERÐIR

3.1.1. Aukin flokkun og endurvinnsla

Leitað verði leiða, m.a. í samstarfi við úrgangsfyrirtæki, til að hámarka flokkun og endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu og til að koma þeim úrgangi, sem ekki tekst að endurvinnna, í aðra endurnýtingu, þ.m.t. brennsla til orkunýtingar. Þetta verði m.a. gert með því að innleiða sem fyrst ákvæði breyttra laga um meðhöndlun úrgangs (sbr. lög nr. 103/2021). Undir þetta falla m.a. ákvæði um aðstöðu til sérsöfnunar tiltekinna úrgangsflokka, um farvegi fyrir lífrænan úrgang o.fl.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 11, 12 & 13
Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd
Tímasetning: Fyrir 1. september 2022

3.1.3. Aukin nýting lífræns úrgangs

Skagafjörður hefur nýtt lífrænan úrgang til vinnslu á moltu hjá Moltu ehf. á Akureyri. Áætlað er að 13–15 tonn af lífrænum úrgangi falli til á mánuði á þéttbýlisstöðum í Skagafirði. Hægt er að nýta aðgerð 3.1.2 í fræðslu um málið og til þess að efla almenning til þátttöku.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 7, 9, 11, 12, 13 & 15
Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd
Tímasetning: Fyrir 1. febrúar 2024

3.1.2. Fræðsla um úrgangsfornir, flokkun og endurvinnslu

Boðið verði upp á fræðslu um úrgangsfornir og flokkun fyrir almenning og rekstraraðila í samvinnu við úrgangsfyrirtæki. Kynningarefni verði undirbúið þar sem bent verði á leiðir til að koma í veg fyrir að úrgangur myndist, svo sem með yfirveguðum innkaupum, rétttri meðferð og viðgerðum. Fjallað verði um leiðir fyrir hvern og einn til að draga úr plastúrgangi, mikilvægi réttrar flokkunar á plasti og hvernig megi draga úr magni örplasts í sjó. Þá verði fjallað sérstaklega um mikilvægi flokkunar til að tryggja hámarksnýtingu auðlinda sem eru til staðar í úrganginum, þ.m.t. um mikilvægi þess að fastur úrgangur berist ekki í fráveitukerfi. Þessi fræðsla er mikilvægur hluti af reglubundnu framboði á fræðslu um umhverfismál, (sjá aðgerðir 2.1.2 og 4.1.1).

Tengsl við sjálfbærnimarkmið Sp: 4, 11 & 12
Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd
Tímasetning: Fyrir 1. september 2022

4. Umhverfisfræðsla

STEFNA

Íbúar í Skagafirði, ungir sem aldnir, hafi aðgang að upplýsingum og fræðslu um umhverfismál og sjálfbæra þróun.

MARKMIÐ

4.1. Almennigur og atvinnulíf vel upplýst um umhverfismál.



AÐGERÐIR

4.1.1.

Símenntun um umhverfismál í Skagafirði

Í nýrri menntastefnu Skagafjarðar er sérstakur kafli um umhverfisvitund, sjálfbærni og fræðslu innan skólanna. Þessu til viðbótar verði íbúum á öllum aldri boðin reglubundin fræðsla um umhverfismál, svo sem um loftslagsmál, náttúruvernd, flokkun úrgangs, jarðgerð, aðra endurvinnslu, matjurtarækt, neyslu og sóun (sbr. aðgerð 2.1.2 og 3.1.2). Fræðslan verði t.d. veitt með hefðbundnum námskeiðum í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra og Náttúrustofu með dreifingu upplýsingaefnis og með lifandi upplýsingum um umhverfismál á heimasíðu sveitarfélagsins. Fyrirtæki skulu einnig hvött til að bera virðingu fyrir umhverfinu og sýna ábyrgð í umhverfismálum, t.d. með því að setja sér umhverfis og loftslagsstefnu.

Tengsl við sjálfbærnimarkmið SP: 4, 14 & 15
Ábyrgð: Sveitarstjórn og umhverfisnefnd
Tímasetning: Fyrir 1. febrúar 2024

